



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ  
SÓTTVARNALÆKNIR

DIRECTORATE OF HEALTH  
CHIEF EPIDEMIOLOGIST  
CENTRE FOR INFECTIOUS DISEASE CONTROL

Þórunn María Bjarkadóttir nefndarritari  
Nefndasviði Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 18. febrúar 2008  
2008020079/91/HB/jh

**Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 44/2002 um geislavarnir.**

Frumvarpið felur í sér tillögur um einföldun eftirlits Geislavarna ríkisins með því að draga úr reglubundnu tæknilegu eftirliti. Þess í stað verði lögð aukin áhersla á ábyrgð notenda, virk gæðakerfi og mat á geislaálagi sjúklinga. Þessar áherslubreytingar í starfsemi stofnunarinnar eiga að skila verulegum árangri í þeirri viðleitni að notkun geislunar á Íslandi sé sem árangursríkust og að geislun á fólk, almenning, starfsmenn og sjúklinga, sé sem minnst.

Ekki er ástæða til annars en að styðja þessar fyrirhuguðu breytingar á lögum um geislavarnir. Hins vegar er ástæða til þess að benda á að á síðasta ári voru gerðar breytingar á sóttvarnalögum nr. 18/1997 sem snúa að gildissviði laganna. Samkvæmt þeim breytingum fjalla sóttvarnalögin um atburði af völdum sýkla, eiturefna og geislavirkra efna hvort sem þeir verða af náttúrulegum ástæðum, slysi eða ásetningi og heilsufarslegar afleiðingar þeirra. Þessar breytingar tóku mið af nýrri alþjóðaheilbrigðisreglugerð (International Health Regulations – IHR) á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) sem fjallar um slíka atburði sem hafa þýðingu á alþjóðavísu en reglugerðin tók gildi sumarið 2007. Samkvæmt reglugerðinni ber aðildarríkjum WHO að koma upp kjarnaviðbúnaði m.a. á sérstaklega tilnefndum höfnum og flugvöllum sem eru með landamæra- stöðvar til að takast á við eftirlit vegna ógna af völdum sýkla, eiturefna og geislavirkra efna. Vonast er til þess að aukin samvinna sóttvarna og Geislavarna ríkisins aukist í náinni framtíð hvað varðar varnir og viðbrögð við atburðum af völdum geislavirkra efna.

Viðbrögð við atburðum vegna geislaálags sem hafa eða kunna að hafa heilsufarslegar afleiðingar falla því undir sóttvarnalög. Þetta þýðir að nauðsynlegt er að fylgjast með slíkum atburðum og skrá þá í sjúkdómaskrá sóttvarnalæknis. Rétt er að slík ákvæði verði að finna í reglugerð sbr. reglugerð nr. 129/1999 um skýrslugerð vegna smitsjúkdóma. Nauðsynlegt er að unnt sé að rekja útbreiðslu geislunar og að mæla geislaálag á sjúklinga til að meta líkamstjón, batahorfur og meðferð. Tryggja þarf samvinnu við aðrar þjóðir um slíkt.

Starfsemi Geislavarna ríkisins hefur ekki sérstaklega tekið mið af því að geta brugðist við hryðjuverkum þar sem beitt er geislavirkum efnum eða annarri glæpsamlegri beitingu geislavirkra efna. Því er bent á að skynsamlegt kunni að vera að víkja þessum þætti í fyrirhugaðri breytingu á lögum um geislavarnir. Tilgangurinn væri m.a. að efla geislaskimun sem fyrirbyggjandi ráðstöfun á landamærahöfnum og flughöfnum eða við ákveðin svæði, sem beita má til að skera úr um hvort grunur (eða tilkynning) um geislaatburð eigi við rök að styðjast og einnig til að meta umfang staðfests atburðar og árangur gagnaðgerða. Mælt er með að viðbúnaður vegna glæpsamlegrar notkunar geislavirkra efna verði samþættur öðrum greinum sýkla-, eiturefna- og geislunarviðbúnaðar og viðbúnaði almennt.

Virðingarfyllst,

Haraldur Briem sóttvarnalæknir

Afrit: Berglind Ásgeirsdóttir ráðuneytisstjóri heilbrigðisráðuneytinu  
Sigurður Guðmundsson landlæknir